

REGLUGERÐ

um innheimtu gjalda til Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

I. KAFLI

Um innheimtu framleiðendagjalds af söluvörum og seldri þjónustu landbúnaðarins.

1. gr.

Greiða skal gjald til Stofnlánadeildar landbúnaðarins af vöru og leigusölu í landbúnaði. Gjaldstofn er sá hluti afurðaverðs eða leigu, sem greiðist framleiðendum og leigusöllum, hvort sem um er að ræða staðgreiðslu- eða reikningsviðskipti.

Vöru- og leigusala skiptist í tvo gjaldflokka, annars vegar 0,50% gjaldflokk og hins vegar 1,00% gjaldflokk.

Greiða skal 0,50% gjald af:

- a) Eggjum og fuglakjöti.
- b) Svínakjöti.
- c) Eldisfiski frá fiskeldis- og hafbeitarstöðvum, netafiski úr vötnum og ám, lifandi fiski til sölu innanlands eða utan (þ. m. t. eldisseiði) og leigu af útleigðri lax- og silungsveiði.
- d) Leigu á landi lögbýla skv. skilgreiningu í 1. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976 til annarra nota en búrekstrar, svo sem leigu sumarbústaðalóða, leigu tjaldstæða og hagabeitar fyrir hross. Leiga lóða undir ársibúðarhús er undanþegin gjaldskyldu.
- d) Hestaleigu.
- f) Lífdýrum til alifuglaræktar og svínaræktar.

Greiða skal 1,00% gjald af:

- a) Nautgripaafurðum.
- b) Sauðfjárafurðum.
- c) Hrossaafurðum, þ. m. t. lifandi hross til útflutnings.
- d) Grænmetis-, garð- og gróðurhúsaframleiðslu hvers konar.
- e) Garðávöxtum.
- f) Grávöru.
- g) Skógarafurðum, s. s. eldiviði, reykingarviði, efniviði, girðingastaurum, viðarkolum, jólatrjám, skrautgreinum og könglum.
- h) Trjáplöntum til skrudgarðyrkju og skógræktar.
- i) Æðardún.
- j) Reka.

Undanþegnar gjaldskyldu eru búvörur og hlunnindaafnot til nota fyrir fjölskyldu framleiðenda, sem ekki hafa komið til sölu meðferðar.

2. gr.

Gjald það sem um ræðir í 1. grein greiðist til Framleiðsluráðs landbúnaðarins af þeim heildsölu- og smásöluaðilum sem kaupa eða taka til sölu eða vinnslu vörur frá framleiðendum, og þeim aðilum sem fyrstir eiga hlut að kaupum, sölu, þjónustu, leigu hlunninda eða lands. Gjaldinu skal halda eftir, hvort sem um staðgreiðslu eða reikningsviðskipti er að ræða. Af gögnum um viðskiptin skal koma fram hver upphæð gjaldsins er.

Framleiðendur sem selja vöru eða leigu án milliliða, skulu standa Framleiðsluráði skil á gjaldinu. Þeir skulu halda skýrslu um alla ráðstöfun afurða og hvenær sem Framleiðsluráð óskar þess, hafa haldbærar upplýsingar um sölu til bókhaldsskyldra aðila og sölu beint til neytenda. Af þessum upplýsingum skal koma fram tegund, magn, flokkun og verðmæti vöru- eða leigusölu.

3. gr.

Innheimtu skal haga þannig, að aðilum sem ber að standa Framleiðsluráði skil á gjöldum skv. 2. gr., skal skylt að senda Framleiðsluráði skrá um gjaldskylda vöru- og leigusölu skv. 1. gr. Framleiðsluráð landbúnaðarins lætur gera eyðublöd fyrir þessar skrár og sendir gjaldskyldum aðilum þær, þeim að kostnaðarlausu. Uppgjör skv. þessum skrár skal fara fram fyrir hvert 3ja mánaða tímabil frá 1. september að telja, innan 20 daga frá lokum hvers tímabils. Skrárnar skulu staðfestar með undirritun löggiltra endurskoðenda þegar um bók-haldsskylda aðila er að ræða, en annars af fyrirsvarsmanni gjaldanda.

Framleiðsluráð getur heimilað þeim sem hafa með höndum árstíðabundna vöru- eða leigusölu í landbúnaði, s. s. sölu veiðileyfa, hestaleigu o. þ. h., að skila skrár um gjaldskyldu og greiða gjaldið að loknu hverju sölutímabili.

4. gr.

Ef gögn um viðskipti með gjaldskyldar vörur eða þjónustu þykja ófullnægjandi að mati Framleiðsluráðs, eða gjaldskyldur aðili skilar ekki skrá um innheimt gjöld skv. 3. gr., skal Framleiðsluráð skora á viðkomandi aðila að bæta úr því innan ákveðins tíma og láta í té skriflegar skýringar og gögn sem Framleiðsluráð telur þörf á. Fái Framleiðsluráð fullnægjandi skýringar og gögn innan tiltekins tíma, skal gjaldið ákvarðað og innheimt í samræmi við þau.

Berist svar við áskorun skv. 1. mgr. ekki innan tiltekins tíma, eða ef skýringar eða gögn eru ófullnægjandi, er Framleiðsluráði heimilt að áætla gjaldið og innheimta það skv. þeirri áætlun. Framleiðsluráð skal skriflega tilkynna greiðanda gjaldsins um áætlunina. Telji greiðandi áætlunina ranga getur hann, innan 20 daga frá og með póstsendingardegi tilkynningar um áætlun gjaldsins, krafist þess skriflega að Framleiðsluráð taki áætlunina til endurskoðunar. Skal sú krafa rökstudd með söluskrár eða öðrum nauðsynlegum gögnum. Framleiðsluráð skal innan eins mánaðar frá lokum þessa frests gera greiðanda skriflega grein fyrir afgreiðslu á kröfu hans. Heimilt er greiðanda að skjóta lokaafgreiðslu Framleiðsluráðs til landbúnaðarráðherra og skal skrifleg og rökstudd beiðni þar um hafa borist ráðherra innan 30 daga frá póstlagningu bréfs Framleiðsluráðs.

Beiðni um endurskoðun á áætlun gjaldsins eða deilda um gjaldskyldu frestar ekki eindaga stofnlánadeildargjalds né leysir undan neinum viðurlögum, sem lögð eru við vanga- greiðslu þess. Ef gjaldið er lækkað samkvæmt afgreiðslu Framleiðsluráðs eða úrskurði ráð- herra, skal endurgreiðsla þegar fara fram.

5. gr.

Sé gjaldið ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skv. 3. gr., skal greiða Framleiðslu- ráði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Dráttarvextir skulu reiknast hinir sömu og hjá innlánsstofnunum, skv. 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Dráttarvextir skulu reiknast mánaðarlega fyrir hvern byrjaðan vanskilamán- uð, eftir 30 daga frá gjalddaga.

Stofnlánadeildargjald má taka lögtaki.

II. KAFLI

Um innheimtu neytendagjalds og jöfnunargjalds á heildsölu landbúnaðarafurða.

6. gr.

Innheimta skal af gjaldstofni skv. 1. gr. gjald af óniðurgreiddu heildsöluverði landbún- aðarafurða, er nemi 1% og kallast hér neytendagjald. Jafnframt skal innheimta af sama gjaldstofni 1% jöfnunargjald.

Gjaldheimta sem ekki grundvallast á verðlagningu sexmannanefndar skal byggð á áætlun Framleiðsluráðs eða sannanlegu verði. Gjöld þessi skal einnig greiða af afurðum sem fluttar eru úr landi og skal í því tilviki greiða gjöldin hverju sinni um leið og útflutningsbætur eru greiddar, nema gjöldin séu þegar fallin í gjalddaga. Þó er landbúnaðarráðherra heimilt að ákveða endurgreiðslu þessa gjalds eða niðurfellingu þess við útflutning afurða, sem ekki njóta útflutningsbóta úr ríkissjóði eða þegar útflutningsbætur hrökkva ekki lengur til.

Innheimtu skal sömu gjöld af innfluttum kartöflum og tekin eru af kartöflum framleiddum innanlands skv. 1. mgr. þessara greinar.

7. gr.

Um innheimtu og álagningu á neytendagjaldi og jöfnunargjaldi gilda sömu reglur og tilgreindar eru í 2. til 5. gr. þessarar reglugerðar, eftir því sem við á. Framleiðsluráði er heimilt að halda þessum gjöldum eftir hverju sinni þegar skil niðurgreiðslna eða útflutningsbóta úr ríkissjóði fara fram til viðkomandi aðila, enda séu þau gjaldfallin.

III. KAFLI

Almenn ákvæði

8. gr.

Framleiðsluráð greiðir til Stofnlánadeildar landbúnaðarins hin innheimtu gjöld auk vaxtatekna, eigi síðar en mánuði eftir að þau hafa verið innheimt. Kostnað Framleiðsluráðs við innheimtu þessa greiðir Stofnlánadeild eftir reikningi.

Endurskoðendur Búnaðarbankans skulu endurskoða reikningsskil Framleiðsluráðsins fyrir gjöldunum og skal þeim heimill aðgangur að öllum þeim gögnum er gjöldin varða og Framleiðsluráð getur í té látið.

9. gr.

Rísi ágreiningur um gjaldskyldu skv. 1. gr. eða önnur atriði varðandi reglugerð þessa, sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 45 16. apríl 1971 ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 381 30. ágúst 1979 um innheimtu gjalda til Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem annast innheimtu á stofnlánadeildargjaldi skv. 2. og 3. gr., sbr. 7. gr. þessarar reglugerðar, skulu fyrir 20. janúar 1983 skila skrá og uppgjöri fyrir gjaldskylda vöru- og leigusölu sem þeir hafa þegar innheimt eða innheimta fram til 1. desember 1982 og ekki er þegar gjaldfallið skv. ákvæðum reglugerðar nr. 381/1979. Gjöld skv. þessum skrá falla í gjalddaga 20. janúar 1983. Ekki skal innheimta af afurðum eða seldri þjónustu sem í fyrsta sinn varð gjaldskyld skv. lögum nr. 41/1982, fyrr en frá og með 1. júní 1982.

Gjald skv. 1. gr. þessarar reglugerðar af eggjum, fuglakjöti, svínakjöti, netaveiði úr ám og vötnum og leigu af útleigðri lax- og silungsveiði skal reiknast 0,50% frá 1. janúar 1982. Hafi framleiðandi greitt 1% gjald af framleiðslu sinni skv. ákvæðum áðurgildandi reglugerðar eftir 1. janúar 1982 skal innheimtuaðili endurgreiða framleiðanda mismuninn.

Landbúnaðarráðuneytið, 11. nóvember 1982.

Pálmi Jónsson.

Sveinbjörn Dagfinnsson.